



Fjármála- og efnahagsráðuneyti
b.t. fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is

Reykjavík, 2. september 2022

Efni: Beiðni um niðurfellingu tolla sem lagðir eru á við innflutning franskra kartaflna

Hinn 23. mars 2015 svaraði fjármála- og efnahagsráðherra fyrirspurn Helga Hjörvars þingmanns þess efnis hvernig tollum á innflutning franskra kartaflna væri háttað og hvert er markmið þeirra væri. Af svari ráðherrans má ráða að sá há tollur sem lagður er á við innflutninginn helgist m.a. af verndarsjónarmiðum, þ.e. að eðlilegt geti talist að hið opinbera hlutist til um að rétta samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja í verðsamkeppni gagnvart sambærilegum innfluttum vörum. Hinn 24. ágúst síðastliðinn birtist frétt á vef mbl.is þar sem efnislega kemur fram að Þykkvabæjar ehf. hafi látið af framleiðslu franskra kartaflna. Er því allt útlit fyrir að enga framleiðslu slíkra vara sé lengur að finna á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru flutt inn rúmlega 3.900 tonn af frönskum kartöflum árið 2021, tæplega 3.300 tonn árið 2020 og tæplega 3.700 tonn árið 2019. Ársinnflutningur 2012–2021 nam að meðaltali rúmlega 3.300 tonnum. Samanlagt CIF-verðmæti innflutnings ársins 2021 nam tæpum 620 millj. kr. en erfiðleikum er bundið að ráða nákvæmlega í verðmæti fyrri ára. Svo virðist sem 98% innflutnings árána 2012–2021 hafi að meðaltali komið frá ríkjum sem Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við. Má því ætla að lagður hafi verið 46% verðtollur á stærstan hluta innflutts magns. Miðað við þær forsendur má ætla að tekjur ríkisins af álagningu verðtolls á franskar kartöflur hafi árið 2021 a.m.k. numið um 300 millj. kr. eða sem nemur rúmlega 7% tolltekna ársins samkvæmt ríkisreikningi. Hins vegar námu tekjurnar aðeins um 0,04% heildarskatttekna ríkisins þetta ár.

Tollar teljast til óbeinna skatta. Í því felst að þeir eru hluti innkaupakostnaðar innflytjenda og eru að endingu greiddir af greiðanda kaupverðs á síðasta stigi viðskipta. Almennt má því halda því fram að tollar sem lagðir eru á við innflutning franskra kartaflna séu greiddir úr vasa neytenda. Þeir greiða hærra verð en ella eða svo litið sé til orðalags í umfjöllun starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra¹ draga tollar sem lagðir eru á við innflutning úr heildarábata og mynda allra tap. Aukinn innflutningur eykur neytendaábata þar sem vöruval verður meira og verðlag lækkar í ljósi aukinnar samkeppni. Tollar vinna gegn ábata neytenda.

Framangreint hefur verið rætt á vettvangi Neytendasamtakanna, SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar og SVP – Samtaka verslunar og þjónustu. Ljóst er að það eru verulegir hagsmunir félagsaðila allra samtakanna að óþarfri tollvernd verði ekki við haldið. Það hlýtur að teljast almenn vitneskja að almennir neytendur munu njóta góðs af lækkunum á útsöluverði franskra kartaflna. Verslun í landinu tæki lækkunum innkaupakostnaðar fagnandi og hún mundi

¹ Skilagrein starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra um endurskoðun tollskrár, frá 15. maí 2015, bls. 2.



gera þeim fært að auka vöruúrval og lækka útsöluverð. Umtalsvert magn franskra kartaflna er selt á veitingastöðum og lækkingun innkaupaverðs þeirra mun stuðla að samkeppnishæfari ferðaþjónustu og hagstæðari þjónustu við heimamenn.

Kaup á mat og drykkjarvörum hafa numið 1/7–1/6 af meðalútgjöldum heimila á Íslandi. Frá janúar 2015 hefur undirvísitala samræmdrar vísitölu neysliverðs 0117, Grænmeti, kartöflur o.fl., hækkað úr 97,44 í 113,47 og þar af úr 109,1 í 113,47 frá janúar–júlí 2022. Má gera ráð fyrir að afnám tolla af frönskum kartöflum dragi úr neikvæðum verðlagsáhrifum. Eins og þekkt verður að telja nema kaup á matar og drykkjarvörum hlutfallslega stærri hluta ráðstöfunartekna tekjulægri en þeirra tekjuhærri og ætti því tollalækkun að koma fyrrnefnda hópnum einna best til góða.

Í ljósi framangreinds fara Neytendasamtökin, SAF – Samtök ferðaþjónustunnar og SVP – Samtök verslunar og þjónustu fram á að fjármála- og efnahagsráðherra beiti sér fyrir niðurfellingu tolla sem lagðir eru á við innflutning á frönskum kartöflum á komandi löggjafarþingi. Jafnframt leyfa framangreind samtök sér að óska eftir fundi með ráðherra í því skyni að ræða efni erindis þessa nánar eða hið minnsta að ráðherra lýsi afstöðu sinni í svari við erindi þessu.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna

Breki Karlsson
formaður

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri